

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri
Austurstönd 2
170 Seltjarnarnes

Seltjarnarnesi, 10. september 2014

Efní: Málefni Leikskóla Seltjarnarness

Vísast til bréfs foreldraráðs og foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness, dags. 30. apríl 2014, fundar með bæjarstjóra þann sama dag og svarbréfs bæjarstjóra, dags. 30. júní 2014.

Foreldraráð fundaði um stöðu mála Leikskóla Seltjarnarness í ljósi fyrrgreindra samskipta hinn 29. ágúst sl. Fram komu á fundinum miklar áhyggjur fulltrúa foreldraráðs yfir því að engar framkvæmdir væru hafnar á lóð Kirkjunnar sem nýtt hefur verið undir starfsvæði Holts til að þjóna yngstu börnum Leikskóla Seltjarnarness sem fengið hafa leikskólapláss við skólann. Á fundi með bæjarstjóra sem og í bréfi hennar til foreldraráðs og foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness kom m.a. eftirfarandi fram:

„Í ágúst nk. verða tekin inn börn á yngstu deildina í Holti frá 14 mánaða aldri. Útisvæði við Holt verður skoðað í sumar, en bent skal á að einnig er farið með börn út í heimsóknir á Mánabrekku og leiksvæðið þar notað.“

Ekki verður séð að gerðar hafi verið neinar endurbætur á umræddu leiksvæði á líðandi sumri þrátt fyrir að foreldraráð og foreldrafélag hafi lagt mikla áherslu á mikilvægi þess að það yrði gert áður en skólastarf hefðist í ágúst. Skólastarf er nú þegar hafið í Holti sem og á öðrum deildum leikskólans. Mikil áhersla var lögð á þetta á fundi með bæjarstjóra. Foreldraráð og foreldrafélag geta ekki fallist á það að önnur leiksvæði í talsverðri fjarlægð frá Holti komi í stað aðstöðu við deildina sjálfa enda um að ræða ferðalög með mjög ung börn milli staða. Þá skal á það bent að fulltrúar leikskólans hafa frá því snemma í vor, vakið athygli á mikilvægi þess að hafist verði handa sem fyrst við breytingar á svæðinu, að því er virðist án árangurs.

Óskað er eftir skýringum á því hvers vegna bæjarfélagið hefur ekkert aðhafst í breytingum á umræddu leiksvæði þrátt fyrir framangreint. Jafnframt er þess óskað að upplýst verði hvenær vænta megi úrbóta hvað þetta varðar.

Þá er jafnframt rétt að ítreka það sem fram kom í bréfi foreldraráðs og foreldrafélags, dags. 30. apríl sl., þar sem kallað var eftir því að gerð yrði langtímaáætlun um endurbætur á húsnæði leikskólans og að framtíðarstefna yrði mótuð í húsnæðismálum hans með tilliti til stækkunar vegna væntanlegrar fjölgunar barna í bæjarfélagini og yfirlýstrar stefnu bæjarstjóra um að taka á móti börnum strax að loknu fæðingarorlofi. Framangreindu til viðbótar telja félögin rétt að benda á að jafnframt er þörf á mótuð framtíðarstefnu varðandi leiksvæði leikskólans í heild. Taka þarf til endurskoðunar þau leiktæki sem eru á lóðum leikskólans og meta þörf á endurnýjun og fjárfestingu í nýjum leiktækjum og móta um slíkt heildraðna framtíðarsýn.

Óskað er eftir að bæjarstjóri beiti sér fyrir gerð langtímaáætlunar um endurbætur á húsnæði leikskólans og að mótuð verði framtíðarstefna í húsnæðismálum. Jafnframt að félögin verði

upplýst um það hvernig staðið skuli að framangreindum þáttum og um tímaramma í því sambandi. Foreldraráð er tilbúið að leggja sitt að mörkum við mótu slíkrar stefnu.

Fram kemur í bréfi bæjarstjóra frá 30. júní sl. að gerð hafi verið úttekt á húsnæði Sólbrekku og lagðar til viðhaldsframkvæmdir.

Óskað er eftir upplýsingum um það hver hafi framkvæmt þá úttekt, í hvaða viðhaldsframkvæmdir hafi verið ráðist og hverjir hafi séð um viðhaldið. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um það hvort viðhaldi sé nú lokið í samræmi við framangreinda úttekt eða hvort til standi að ráðast í frekara viðhald á húsnæðinu og þá hvaða og hvenær því verði lokið.

Fram kemur í bréfi bæjarstjóra, dags. 30. júní sl., að í skýrslu vegna eftirlits með leiksvæðum af hálfu Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, dags. 18. október 2013, hafi komið fram „*ábendingar sem brugðist [hafi] verið við að mestu leyti*.“

Óskað er skýringa á því hvers vegna bæjarfélagið telur sig hafa heimild til að bregðast við ábendingum heilbrigðiseftirlitsins „*að mestu leyti*“ en ekki *að öllu leyti*? Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um það við hvaða ábendingum var ekki brugðist og hvers vegna það var ekki gert.

Þegar rýndar eru upplýsingar sem fram koma í bréfi bæjarstjóra frá 30. júní sl. má ljóst vera að niðurstöður hljóðmælinga vegna hljóðvistar leiða í ljós mældan ómtíma yfir viðmiðunarmörkum í sal Mánabrekku og í miðrými Holts.

Óskað er eftir upplýsingum um það hver viðbrögð bæjarfélagsins verða við framangreindum niðurstöðum og innan hvaða tíma bæjarfélagið hyggst bæta úr framangreindum ágöllum, hyggist það bregðast við á annað borð.

Samkvæmt upplýsingum sem foreldraráði hefur borist til eyrna lítur út fyrir að gerð skólanámskrá klárist ekki fyrr en í janúar á næsta ári.

Óskað er eftir því að bæjarstjóri beiti sér fyrir því að skólanum verði gert kleift að klára þetta starf sem fyrst og eigi síðar en á fyrrgreindum tíma.


Að lokum er óskað eftir því að foreldraráð og foreldrafélag verði upplýst um það hvenær til standi að gera könnun meðal foreldra, m.a. um lengdan opnunartíma leikskólans o.fl., og að félögunum verði gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða nýjum spurningum í umrædda könnun, áður en hún verður send út til foreldra.

Í bréfi þessu er óskað svara við nokkrum spurningum eins og glöggt má sjá hér að ofan. Þess er óskað að svör berist eins fljótt og kostur er.

Virðingarfyllst,

f.h. foreldraráðs og foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness


Svana M. Davísdóttir, formaður foreldraráðs


Kristinn Ingvarsson, formaður foreldrafélags